

AUGLÝSING

60

28. marz

um áhöfn björgunarbáta, ræðaraskírteini o. fl.

1. gr.

Á farþegaskipum, sem eru í ferðum á alþjóðasiglingaleiðum, skulu vera ræðarar með ræðaraskírteini fyrir hvern björgunarbát, sem hér segir:

Hámarkstala þeirra manna,
er báturinn má flytja:

Tala ræðara með
ræðaraskírteini:

41 maður eða færri	2
41 til 61	3
62 til 85	4
85 eða fleiri	5

2. gr.

Sá, sem óskar eftir að öðlast ræðaraskírteini, skal sanna fyrir siglingafróðum skipaskoðunarmanni, að hann hafi nægilega þekkingu og leikni í öllu, er lýtur að því að setja björgunarbáta skips útbyrðis, kunni að róa, sigla og stjórna bát og að hann enn fremur sé fær um að skilja skipanir, er að vinnu við björgunarbát lýtur og framkvæma þær. Hann skal vera fullra 17 ára og hafa verið í siglingum minnst 12 mánuði.

3. gr.

Rétt til þess að öðlast ræðaraskírteini án prófs hefur sá:

- sem öðlast hefur skipstjóra- og stýrimannsskírteini;
- sem hefur verið bátsmaður eða fullgildur háseti í a. m. k. 12 mánuði á skipi, sem er í siglingum.
- sem hefur verið trésmiður á skipi í 24 mánuði.

4. gr.

Ræðaraskírteini skulu gefin út af skipaskoðunarstjóra, siglingafróðum skipaskoðunarmanni Skipaefirlits ríkisins eða öðrum, sem fengið hafa umboð til þess af skipaskoðunarstjóra.

5. gr.

Ræðaraskírteini skulu gefin út án endurgjalds eins og sýnt er í meðfylgjandi viðauka.

Ræðaraskírteini, útgefin samkvæmt auglýsingu nr. 135 28. júlí 1934, halda gildi sínu.

Ákvæði þessi eru hér með sett samkvæmt lögum nr. 68 5. júní 1947, um eftirlit með skipum, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 135 28. júlí 1934, um ræðaraskírteini.

Samgöngumálaráðuneytið, 28. marz 1953.

Ólafur Thors.

Páll Pálmason.

60 Fylgiskjal.

28. marz



Ég undirritaður, sem falið hefur verið að gefa út ræðaraskírteini, lýsi hér með yfir því, að

.....
 sem er fæddur þann
 hefur á fullnægjandi hátt sannað fyrir mér, að hann uppfylli skilyrði þau, sem um getur í auglýsingu samgöngumálaráðuneytisins, nr. 60 28. marz 1953, 2. gr.

Með skírskotun til framanritaðs veitist honum hér með

RÆÐARASKÍRTEINI

Reykjavík, 19....

61

28. marz

REGLUR**um flutning á hættulegum varningi.****1. gr.**

Ákvæði þessara reglna um umbúðir, merkingu, búlkun og flutning á hættulegum varningi, gilda um öll íslensk skip, en undanþegin þessum ákvæðum eru oliuflutningaskip, sem flytja olíu og eru til þess smíðuð eða hólfuð á sérstakan hátt.

Um merkingu og umbúðir á hættulegum varningi, sem tekinn er í íslenskt skip í erlendri höfn til flutnings eða til umhleðslu innan íslenskrar landhelgi, gilda annað hvort þessar reglur eða reglur, sem í gildi eru um sama efni í landinu, þar sem varningurinn er látinn í skipið.

Ákvæðin gilda um:

1. Þjappaðar lofttegundir.
2. Ætandi eða tærandi efni.
3. Eitruð efni.
4. Efni, sem mynda eldfimt loft eða gufu.
5. Efni, sem geta orðið hættuleg í sambandi við vatn.
6. Efni, sem eru mjög eldnærandi og mjög eldfim.
7. Sjálfkveikjandi efni.
8. Sprengiefni.
9. Takmarkað magn af efni, sem notað er á rannsóknarstofum og/eða lyfjavörum.
10. Annar hættulegur varningur.

2. gr.

Sendandi vörunnar ber ábyrgð á, að um þær sé búið og þær merktar samkvæmt ákvæðum 3. og 4. gr. þessara reglna. (Sjá enn fremur ákvæði 31. gr. siglingalaga, nr. 56/1914, um skyldur skipstjóra.)